

Föstudaginn 24. marz 1950.

Nr. 153/1949. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Edmond Allan Reynolds Chilton

(Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Sjómannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóupprátt stað varðbátsins Faxaborgar, þar sem hann kom að skipi ákærða hinn 17. september 1949, og reyndist sá staður 0.5—0.6 sjómíllur innan landhelgislínu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924. Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, 13.533, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 80000.00 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Edmond Allan Reynolds Chilton, greiði 80000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra

svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einaris B. Guðmundssonar og Theódórs B. Línals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 19. sept. 1949.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Edmond Allan Reynolds Chilton, skipstjóra á skozka togaranum Starbank A 70 frá Aberdeen, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði, Edmond Allan Chilton, er fæddur 24. okt. 1907, og hefur, svo að kunnugt sé, ekki áður sætt kærú eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Laugardaginn þann 17. september var varðbáturinn Faxaborg á siglingu vestur með suðurströnd Íslands, og er skipið var stadd austan við Ingólfs-höfða, sáu skipverjar kl. 14.23 til togara, sem þeim þótti grunsamlega nálægt landi, en hann var þá rétt staddur við Ingólfs höfða og hélt inn með höfðanum.

Kl. 14.46 sáu skipverjar á Faxaborg, að togarinn beygði frá landi í áttina að varðskipinu.

Á sama tíma, eða kl. 14.46, gerði skipherra og 1. stýrimaður eftirfarandi staðarákvörðun:

Lómagnúpur (suðurendi) $\neq$ Salthöfði $>$ Ingólfs höfða 37° .

Kl. 14.51 beygði togarinn meira frá landi og sigldi stefnu, sem var nálægt SSA misv.

Kl. 15.13 var skotið lausu skoti (stöðvunarmerki).

Tveimur mínútum síðar, eða kl. 15.15, var komið að togaranum, sem reyndist heita Starbank A 70 frá Aberdeen, en á honum var kærði skipstjóri, og var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó, er að honum var komið.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við togarann kl. 15.15, og framkvæmdu hana í sameiningu skipherra og 1. stýrimaður á varðskipinu.

Ingólfs höfði

$> 69^\circ$

Salthöfði

$> 45^\circ$

Rákartindur

Á sama tíma var mælt dýpið, og reyndist það vera 27 metrar.

Hefur bæði skipherra og báðir stýrimenn varðskipsins sérstaklega um það spurðir fullýrt það fyrir réttinum, að dýpið hafi verið mælt í metrum í umrætt sinn, en ekki í föðum, og bæði 1. stýrimaður og skipherra fullýrða, að dýptarmælir skipsins hafi í greint skipti sýnt 27 m dýpi, en 2. stýrimaður heldur því fram, að dýptarmælirinn hafi sýnt tæpa 30 m dýpi í greint skipti.

Framangreind staðarákvörðun sem og dýpi það, sem mældist á Faxaborg hjá togaranum kl. 15.15, gefur stað togarans 0,6 sjóm. innan landhelgislinunnar.

Skipverjar á togaranum drógu nú inn botnvörpuna, og kl. 15.21 lagði varðskipið að togaranum, og fór þá 2. stýrimaður varðskipsins um borð í hann.

Skömmu síðar, eða kl. 15.30, var settur út bátur frá varðskipinu og skipstjórinn á togaranum fluttur um borð í varðskipið.

Honum var tilkynnt, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og kærða sýndur staður togarans þar, sem hann var tekinn, á sjókort, sem lagt hefur verið fram í málinu, en samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans hafði togarinn togað í 29 mínútur út frá landi, er hann var stöðvaður af varðskipinu.

Kærði neitaði ekki réttmæti staðarákvarðananna í skýrslu varðskipsforingjans, en taldi sig ekki hafa verið viljandi í landhelgi í umrætt sinn.

Hann afhenti síðan skipsskjöl varðskipsforingjanum, en að því búnu var hann aftur fluttur um borð í skip sitt og fyrirskipað að fylgja varðskipinu eftir til Vestmannaeyja.

Á leið togarans til Vestmannaeyja var um borð í togaranum, auk 2. stýrimanns á varðskipinu, háseti á því.

Kl. 16 var haldið af stað til Vestmannaeyja, var þá veður V-2, sjór V-1 og léttskýjað.

Kl. 6.35 á sunnudagsmorguninn 18. þ. m. var komið með togarann til Vestmannaeyja og lagzt að bryggju.

Kl. 3 e. h. sunnud. þ. 18. þ. m. hófst rannsókn í málinu, og við þá rannsókn er það komið upp í málinu, sem að framan greinir.

Er kærði var leiddur fyrir lögregluréttinn, kvaðst hann ekki mótmæla því, að hann hafi verið fyrir innan landhelgislinuna, er varðskipið kom að skipi hans, eins og að framan er lýst, en að hann hafi verið innan landhelgislinunnar að óvilja sínum, þar sem hann hefði haldið sig vera utan linunnar.

Hefur skipstjórinn byggt það álit sitt á því, að hann hafi talið dýpið hafa verið 25 faðma þar, sem togarinn var stöðvaður af varðskipinu, og enn fremur heldur hann því fram, að staðarákvarðanir þær, sem hann hafi tekið með stýrimanni sínum, hafi að hans áliti gefið stað skipsins, er varðskipið kom að togaranum, utan landhelgislinunnar.

Stýrimaðurinn á togaranum hefur einnig haldið því fram fyrir rétti, að dýptarmælir togarans hafi einnig sýnt 25 faðma dýpi, er togarinn var stöðvaður, og að miðanir, sem hann hafi gert ásamt skipstjóranum, er

varðskipið stöðvaði togarann, hafi átt að álitni vitnisins að hafa gefið stað togarans utan landhelgislínunnar.

Eins og áður greinir, hafa báðir stýrimenn og skipherra varðskipsins borið það fyrir rétti, þar um ýtarlega spurðir, að dýptarmælir varðskipsins hafi sýnt metratölu, en ekki faðmatölu, í umrætt sinn.

Rétturinn verður því að byggja á þeim upplýsingum, sem fram eru komnar í rannsókn málsins frá stýrimönnum og skipherra varðskipsins varðandi dýpið á þeim stað, er togarinn var stöðvaður kl. 15.15.

Eigi geta hinar óljósu upplýsingar kærða og stýrimanns hans um miðanir þær, sem þeir telja sig hafa framkvæmt, er togarinn var stöðvaður, hnekkt þeim staðarákvörðunum, sem skipherra og 1. stýrimaður á varðskipinu framkvæmdu í sameiningu með sextöntum, enda er upplýst í málinu, að kærði og stýrimaður hans notuðu ekki sextanta við staðarákvarðanir þeirra, heldur framkvæmdu þær aðeins með áttavita skipsins.

Einnig ber á það að líta, að annar sá staður, sem kærði og stýrimaður togarans telja sig hafa miðað við í sambandi við staðarákvörðun þeirra, er eigi lýst nægilega ljóst eða örugglega, og telur rétturinn því eigi unnt að taka neitt tillit til þeirra staðarákvarðana í máli þessu.

Með vísun til framanskráðs verður rétturinn að telja nægilega sannað, bæði með framkomnum gögnum og með viðurkenningu eða eigi nægilega ákveðnum mótmælum kærða, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum um 0.6 sjóm. innan landhelgislínunnar kl. 15.15 þ. 17. þ. m., er varðskipið Faxaborg kom að togaranum Starbank A 70 og stöðvaði hann.

Samkvæmt skýrslu varðskipsforingjans, dómskj. nr. 1, sem staðfest hefur verið fyrir rétti, er það í ljós leitt, að togarinn hafi togað í 29 mínútur út frá landi, er hann var stöðvaður af varðskipinu, og hefur hann því allan þann tíma verið að veiðum enn meir innan landhelgislínunnar en þar sem hann var stöðvaður kl. 15.15.

Með framanlýstu framferði sínu hefur kærði að álitni réttarins gerzt brotlegur við 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann við botnvörpuveiðum samanber lög nr. 4 frá 1924.

Þar sem kærði hefur ekki áður sætt refsingu eða ákæru fyrir sams konar brot, svo að vitað sé, og með því að samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands jafngiltu þann 17. þ. m. 100 gullkrónur 294.46 pappírskrónum, en samkvæmt símskeyti Landsbankans á dómskjali 4 er engin gengisskráning í dag, telur rétturinn, að miða verði sektarhæðina við síðastskráð gildi, og því hæfilegt að ákveða sekt kærða kr. 29500.00 með vísun til 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, er renni til Landhelgis-sjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Allur aflí og veiðarfæri í togaranum Starbank A 70, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgisjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber kærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Edmond Allan Reynolds Chilton, greiði kr. 29500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Starbank A 70, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1950.

Nr. 35/1949. **Stefán Ármann Þórðarson**

(Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda geta ný gögn, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.